



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Netagerðarmaður

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Net maker

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- kann skil á öllum framleiðsluaðferðum við gerð veiðarfæra sem notuð eru við Ísland, þekkir merkingar og mæliaðferðir, uppbyggingu og lögun veiðarfæra og efni til veiðarfæragerðar
- þekkir flokkun og þróun veiðarfæra, kjör- og valhæfni, mælitæki og nema sem auka afrakstur og hámarka nýtni
- hannar, framleiðir og setur upp veiðarfæri
- metur ástand veiðarfæra og ályktar um viðgerðar- og endurnýjunarþörf og gerir tíma- og kostnaðaráætlun um viðgerð og endurnýjun
- ber skyn á hegðun nytjafiska og viðbrögð þeirra við veiðafærum
- þekkir takmarkanir á heimildum til notkunar veiðarfæra við landið
- þekkir skaða sem veiðarfæri í sjó kunna að valda og tekur tillit til skaðsemispáttá við hönnun og framleiðslu. Hann fer að opinberum fyrirmælum um meðferð efna og úrgangs
- hlítir ákvæðum vinnuverndarlaga og er fyllilega meðvitaður um rétta líkamsbeitingu við vinnu og hollustuhætti almennt
- sýnir leikni við samráð og tekur tillit til óska og krafna viðskiptavina
- getur lagt mat á gæði vinnu sinnar og annarra

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Netagerðarmaður hannar, framleiðir, viðheldur og gerir við veiðarfæri. Hann hannar og setur upp netabúnað eldiskvía fyrir strandeldis- og landstöðvar með hliðsjón af aðstæðum og notkun. Netagerðarmaður fer eftir gildandi lögum og reglugerðum um lágmarksmöskvastærðir og umbúnað veiðarfæra og reglum um öryggismál í starfi. Netagerðarmaður hefur samráð við notendur veiðarfæra. Rétt til starfa sem netagerðarmenn hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í netagerð sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skirteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskirteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfböðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám skóla í þrjár annir samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 72 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
--